

Nd.

709. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. 1. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.